



D Ó M U R

27. september 2013

Mál nr. S-262/2013:

Ákærandi: Ríkissaksóknari

(Hulda Elsa Björgvinsdóttir saksóknari)

Ákærði: Baldur Kolbeinsson

(Ingi Freyr Ágústsson hdl.)

Dómari: Sigurður G. Gíslason héraðsdómari

Ár 2013, föstudaginn 27. september, er á dómþingi Héraðsdóms Suðurlands, sem háð er að Austurvegi 4, Selfossi, kveðinn upp í máli nr. S-262/2013:

Ákærvaldið

(Hulda Elsa Björgvinsdóttir saksóknari)

gegn

Baldri Kolbeinssyni

(Ingi Freyr Ágústsson hdl.)

svofelldur

d ó m u r :

Mál þetta, sem þingfest var 30. maí 2013 og dómtekið 13. september 2013, er höfðað með ákæru ríkissaksóknara dagsettri 2. maí 2013 á hendur Baldri Kolbeinssyni, kt. 000000-0000, með dvalarstað í Fangelsinu Litla-Hrauni,

„ fyrir brot gegn valdstjórninni og eignaspjöll með því að hafa þriðjudaginn 12. mars 2013, í Fangelsinu Litla-Hrauni, veist með ofbeldi að fangavörðunum [A], [B] og [C], sem voru við skyldustörf, en ákærði sló m.a. ítrekað í höfuð [B] svo gleraugu hans fóru af, reif í hár [A] og klóraði nef hans og sló [C] í enni og hnakka svo gleraugun fóru af. Afleiðingar árásarinnar voru þær að [B] hruflaðist á enni og fékk kúlu á höfuðið og [A] hlaut sár á nefið. Þá eyðilögðust bæði gleraugun.

Telst þetta varða við 1. mgr. 106. gr. og 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Ákærði kom fyrir dóm við þingfestingu málsins 30. maí 2013 ásamt Inga Frey Ágústssyni hdl., og óskaði eftir að hann yrði skipaður verjandi sinn og var það gert. Óskaði ákærði eftir fresti til að taka afstöðu til sakargifta. Var málið tekið fyrir 6. júní 2013 og neitaði þá ákærði sök. Var óskað eftir að leggja fram greinargerð af hálfu ákærða og var hún lögð fram í þinghaldi 27. júní 2013. Var þá málinu frestað til aðalmeðferðar 13. september 2013. Í upphafi þess þinghalds óskaði ákærði eftir að breyta afstöðu sinni til sakargifta og viðurkenndi skýlaust að hafa gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru.

Málið var því tekið til dóms samkvæmt ákvæðum 164. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála eftir að sækjandi og verjandi höfðu reifað sjónarmið um ákvörðun refsingar og lagaatriði.

Um málavexti vísast til ákæruskjals.

Í ákæru eru ákærða m.a. gefin að sök eignaspjöll með því að við tiltekna háttsemi ákærða hafi gleraugu fangavörðanna B og C farið af og er því lýst að bæði gleraugun hafi eyðilagst. Er háttsemi ákærða að þessu leyti heimfærð til 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Í 4. mgr. 257. gr. nefndra laga segir að mál út af brotum sem getur í 1. mgr. 257. gr. laganna skuli því aðeins höfða, að sá krefjist þess, sem misgert var við. Fangavörðurinn B var inntur eftir afstöðu sinni til þessa í skýrslu sem lögregla tók af honum 5. apríl 2013, en þar segir m.a.: „Varðandi afstöðu hans að Baldri verði refsað fyrir árásina sagði B að hann sagðist hálfvorkenna Baldri þar sem hann kynni ekki að komast út úr vandræðum með öðrum hætti en hins vegar væri ekki hægt að líta fram hjá því að þetta árás á opinbera starfsmenn þannig að hann hefði í raun ekki tekið afstöðu til þess hvort honum væri refsað eða ekki. Þetta væri ekki í lagi og slæmt fordæmi ef ekkert yrði gert.“ Fangavörðurinn C var inntur eftir afstöðu sinni til þessa í skýrslu sem lögregla tók af honum 5. apríl 2013, en þar segir m.a.: „Aðspurður um afstöðu hans til þess atriðis að Baldri verði refsað lögum samkvæmt fyrir líkamsárásina sagði C að hans afstaða sem gildi í þessu. Undirritaður benti C á að Baldur hefði ráðist á hann og það væri spurning hvort honum þætti eðlilegt að Baldri yrði refsað fyrir það og hann svaraði því til „já er það ekki“.“ Ekki liggja fyrir í málinu önnur gögn um afstöðu fangavörðanna B og C til þess hvort þeir krefjist þess að mál verði höfðað vegna eignaspjalla.

Það er mat dómsins að ekki sé í málinu uppfyllt það málshöfðunarskilyrði vegna eignaspjalla skv. 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sem fram kemur í 4. mgr. 257. gr. laganna, að sá krefjist þess sem misgert var við. Verður ákærði því hvorki sakfelldur, né honum gerð refsing, fyrir meint brot gegn 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Játning ákærða getur ekki breytt þessu. Að öðru leyti er sannað að ákærði framdi brot það sem greinir í ákæru og er þar réttilega fært til refsíákvæða. Ákærði hefur með háttsemi sinni unnið sér til refsingar.

Samkvæmt sakavottorði hófst sakaferill ákærða á árinu 2007 þegar hann gekkst undir greiðslu 28.000 kr. fésektar fyrir fíkniefnabrot þann 24. maí. Þann 29. nóvember 2007 var ákærði dæmdur í 12 mánaða fangelsi, þar af 9 mánuðir

skilorðsbundnir í 2 ár, fyrir rán, ólögmeða meðferð fundins fjár, tilraun til fjársvika, tilraun til þjófnaðar, hylmingu og fíkniefnabrot. Þann 30. júlí 2008 var ákærði dæmdur í 15 mánaða fangelsi fyrir skjalafals, fjársvik og tilraun til fjársvika, þjófnað og tilraun til þjófnaðar, hylmingu og fíkniefnabrot. Þann 22. febrúar 2010 var ákærði dæmdur í 5 mánaða fangelsi fyrir þjófnað, hylmingu og fíkniefnabrot. Þann 6. júlí 2010 var ákærði dæmdur í 4 mánaða fangelsi fyrir þjófnað. Þann 18. mars 2011 var ákærði dæmdur í 15 mánaða fangelsi fyrir þjófnað, fjársvik, eignaspjöll og fíkniefnabrot. Loks var ákærði dæmdur í 18 mánaða fangelsi þann 8. nóvember 2012 fyrir þjófnað og rán.

Við ákvörðun refsingar ber að líta til játningar ákærða. Jafnframt kveðst ákærði hafa beðið afsökunar þá sem brot hans beindist að og í lögregluskýrslu hefur ákærði lýst iðrun sinni vegna brotsins. Þá ber að líta til 3. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 vegna síðastgreinds dóms ákærða frá 8. nóvember 2012, en jafnframt þykir bera að líta til þess ákærði var að afplána refsingu og horfir það til þyngingar á refsingu sbr. 1. mgr. 73. gr. almennra hegningarlaga sem og það að brotið beindist gegn opinberum starfsmönnum sem hafa heimild til valdbeitingar sbr. 2. ml. 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga, sbr. og einnig 7. gr. laga nr. 49/2005 um fullnustu refsinga. Á hinn bóginn má líta til þess að áverkar sem lýst er í ákæru eru ekki stórvægilegir. Ekki eru hins vegar að mati dómsins efni til að líta sérstaklega til þess að ákærði hafi sætt agaviðurlögum í fangelsinu eftir brot sitt, en ekki var þar um að ræða refsingu samkvæmt skilgreiningu laga á því hugtaki. Þá þykir ekki geta haft áhrif á ákvörðun refsingar að samkvæmt framlögðum gögnum hefur ákærði átt við hegðunarvanda að etja. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 10 mánuði.

Samkvæmt 218. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 ber að dæma ákærða til greiðslu sakarkostnaðar, en ekki verður séð að um sé að ræða annan sakarkostnað en þóknun skipaðs verjanda ákærða sem þykir hæfilega ákveðin kr. 451.800 að meðtöldum virðisaukaskatti, auk aksturskostnaðar verjandans kr. 92.568.

Sigurður G. Gíslason héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Baldur Kolbeinsson, sæti fangelsi í 10 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, alls kr. 544.368, þar með talin þóknun skipaðs verjanda ákærða, Inga Freys Ágústssonar hdl., kr. 451.800 að meðtöldum virðisaukaskatti, auk aksturskostnaðar verjandans kr. 92.568.

Sigurður G. Gíslason.